Fylgni fullyrðinganna við ánægju og afstöðu var lægri en 0,30 (neðri ferningur til vinstri). Meðaltal fullyrðinganna var lægra en 3,70. Í þennan ferning myndarinnar falla atriði sem ekki eru áberandi eða ekki er vel staðið að í starfsemi Fræðslumiðstöðvar og grunnskóla og hafa einnig lítil áhrif á ánægju og afstöðu starfsfólks.

Myndin sýnir heildarniðurstöður fyrir Fræðslumiðstöð og grunnskóla en ekki einstök svið eða deildir.

Heildarmat

Roila - Gallup Forgangs röðun verkefna

Fræðslumiðstöð



FORGANGSRÖÐUN VERKEFNA - AÐGERÐALISTI

1. Há einkunn - mikilvægt: Styrkleikabil og starfshæft bil

- Sp. 101 Næsti yfirmaður* minn sýnir mér skilning þegar ég þarf að sinna fjölskyldu- eða einkamálum.
- Sp. 54 Ég ber mikla virðingu fyrir samstarfsfólki mínu.
- Sp. 2 Ég er stolt(ur) af starfi mínu.
- Sp. 56 Ég get leitað til einhvers á mínum vinnustað/skóla þegar upp koma vandamál í tengslum við starf mitt.
- Sp. 62 Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi.
- Sp. 80 Ég reyni iðulega að leita nýrra leiða til að vinna starf mitt betur.
- Sp. 82 Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu verki.
- Sp. 55 Samstarfsfólk mitt sýnir mér virðingu á mínum vinnustað/skóla.
- Sp. 70 Þekking mín og hæfileikar nýtast mjög vel í starfi mínu.
- Sp. 102 Ég get alltaf leitað til næsta yfirmanns míns ef ég þarf á honum að halda.
- Sp. 104 Ég treysti næsta yfirmanni mínum vel.
- Sp. 78 Ég tek virkan þátt í að leysa vandamál á mínum vinnustað/skóla.
- Sp. 51 Yfirmaður minn eða vinnufélagi ber umhyggju fyrir mér sem einstaklingi.
- Sp. 66 Ég hef þau völd og þá ábyrgð sem nauðsynleg er til að geta innt starf mitt af hendi.
- Sp. 53 Mér finnst góður starfsandi á mínum vinnustað/skóla.
- Sp. 28 Á mínum vinnustað/skóla eiga kynin jafna möguleika á starfsframa.
- Sp. 85 Hvernig finnst þér samstarf vera milli starfsmanna á þínum vinnustað?
- Sp. 75 Ég hafði tækifæri til að læra og þróast í starfi á sl. 12 mánuðum.
- Sp. 59 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varstu með starfsmannasamtalið?
- Sp. 46 Á mínum vinnustað / skóla leitum við stöðugt nýrra tækifæra til að bæta árangur okkar.
- Sp. 106 Yfirmaður minn drífur verkefni áfram.
- Sp. 98 Hversu skýr eða óskýr markmið hefur þinn vinnustaður/skóli sett sér fyrir þetta skólaár?
- Sp. 72 Telur þú að sú virðing sem borin er fyrir faglegum vinnubrögðum á þínum vinnustað sé mikil eða lítil?
- Sp. 69 Ég hef tækifæri til þess í vinnunni að gera það sem ég kann best á hverjum degi.
- Sp. 65 Álit mitt skiptir máli í vinnunni.
- Sp. 100 Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað.
- Sp. 105 Næsti yfirmaður minn skapar stemmningu fyrir því að ná settum markmiðum.
- Sp. 47 Ef þú kemur / kæmir með tillögu að breytingum, hversu vel eða illa taka samstarfsmenn þínir (aðrir en stjórnendur) tillögu þinni?
- Sp. 71 Ákvarðanir eru teknar út frá faglegum forsendum á mínum vinnustað/skóla.
- Sp. 29 Það er faglega staðið að vali í störf á mínum vinnustað/skóla.
- Sp. 32 Framlag mitt er metið að verðleikum.
- Sp. 48 Ef þú kemur / kæmir með tillögu að breytingum, hversu vel eða illa taka yfirmenn þínir tillögu þinni?

1. Há einkunn - mikilvægt: Styrkleikabil og starfshæft bil

- Sp. 50 Hversu mikill eða lítill ágreiningur finnst þér meðal starfsmanna á þínum vinnustað/skóla að jafnaði?
- Sp. 63 Ég er ánægð(ur) með vinnufyrirkomlag á mínum vinnustað/skóla.
- Sp. 74 Yfirmaður minn eða vinnufélagi hvetur mig til að þróast í starfi.
- Sp. 103 Næsti yfirmaður minn hrósar mér fyrir vel unnin störf.
- Sp. 96 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með markmið og stefnu þíns vinnustaðar/skóla í skólamálum?
- Sp. 67 Ég er hvattur/hvött til að koma með nýjar hugmyndir um hvernig má gera betur.

2. **Lág einkunn - mikilvægt: Aðgerðabil**

- Sp. 3 Á heildina litið er ég ánægð(ur) með Reykjavíkurborg sem vinnuveitanda.
- Sp. 6 Mér finnst starfsemi og hlutverk grunnskólanna í Reykjavík / Fræðslumiðstöðvar gefa til kynna að starf mitt sé mikilvægt
- Sp. 18 Hversu mikinn eða lítinn sveigjanleika finnst þér þú hafa í starfi þínu þegar á heildina er litið?
- Sp. 57 Nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma.
- Sp. 8 Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að skipta um starfsvettvang?
- Sp. 49 Á mínum vinnustað / skóla getur starfsfólk haft mikil áhrif á ákvarðanir og breytingar.
- Sp. 83 Á mínum vinnustað/skóla eru allir tilbúnir til að bregðast við breyttum aðstæðum með breyttum vinnuaðferðum.
- Sp. 25 Ég fæ fullnægjandi upplýsingar um mikilvæga atburði og breytingar innan míns vinnustaðar/skóla.
- Sp. 108 Hversu mikið eða lítið vandamál telur þú að mannaskipti séu á þínum vinnustað/skóla?
- Sp. 23 Ég hef þau tæki og gögn sem nauðsynleg eru til að sinna starfi mínu vel.
- Sp. 84 Starfsfólk á mínum vinnustað/skóla vinnur sem ein heild.
- Sp. 30 Ég hef fengið hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf á síðustu vikum.
- Sp. 86 Hversu góð eða slæm er þverfagleg samvinna, þ.e. samvinna milli starfsfólks í ólíkum störfum með ólíka menntun, á þínum vinnustað/skóla?
- Sp. 99 Hversu auðvelt eða erfitt finnst þér að vinna samkvæmt þeim markmiðum sem þinn vinnustaður/skóli hefur sett sér?
- Sp. 64 Það eru til skýrar vinnureglur um hvernig eigi að taka á vandamálum sem upp koma á mínum vinnustað/skóla.
- Sp. 77 Ég fæ þá þjálfun og fræðslu sem nauðsynleg er til að standa mig vel í starfi.
- Sp. 24 Á heildina litið er vinnuaðstaða mín góð.

3. Há einkunn - minna mikilvægt: Styrkleikabil og starfshæft bil

- Sp. 81 Ég legg mikið á mig til að þjóna nemendum og foreldrum þeirra sem best.
- Sp. 33 Hefur þú fengið ósanngjarna gagnrýni á störf þín í vinnunni á sl. 12 mánuðum?
- Sp. 26 Hversu góðan eða slæman aðgang hefur þú að tölvu á þínum vinnustað/skóla?
- Sp. 52 Ég á góða(n) vinkonu/vin í vinnunni.
- Sp. 73 Ég veit hvernig á að leysa flest þau vandamál / verkefni sem ég glími við í starfi.
- Sp. 76 Ég sýni frumkvæði við að afla mér símenntunar / endurmenntunar.
- Sp. 12 Mér finnst gott jafnvægi á milli vinnu og einkalífs hjá mér.
- Sp. 79 Ég býðst oft til að vinna verk sem eru ekki endilega í mínum verkahring.
- Sp. 97 Hversu vel eða illa þekkir þú þau markmið sem sett eru fram í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík?

4. **Lág einkunn - minna mikilvægt: Aðgerðabil**

- Sp. 41 Mér finnst þau laun sem ég fæ sanngjörn miðað við ábyrgð mína í starfi.
- Sp. 9 Hversu mikið eða lítið er vinnuálag þitt?
- Sp. 43 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með núgildandi (nýjustu) kjarasamninga þína?
- Sp. 11 Hefur þig oft eða sjaldan skort tíma til að sinna því sem mestu máli skiptir í þínu starfi?
- Sp. 17 Hversu mikinn eða lítinn sveigjanleika finnst þér þú hafa í starfi þínu með vinnutíma þinn?
- Sp. 15 Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera þreytt(ur) sl. þrjá mánuði þegar þú hefur farið á fætur að morgni og staðið andspænis nýjum vinnudegi?
- Sp. 107 Hversu mikið eða lítið vandamál telur þú að fjarvistir og veikindi starfsmanna séu á þínum vinnustað/skóla?
- Sp. 95 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með stefnu Reykjavíkurborgar í skólamálum?
- Sp. 16 Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera útbrunnin(n) eða stressaður(uð) í lok vinnudags sl. þrjá mánuði?
- Sp. 13 Hefur þú oft eða sjaldan haft takmarkaðan tíma fyrir fjölskylduna eða aðra mikilvæga aðila í lífi þínu vegna vinnunnar sl. þrjá mánuði?
- Sp. 94 Reykjavíkurborg hefur skýra framtíðarsýn í skólamálum.
- Sp. 91 Þegar á heildina er lítið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur?

Kjarnaspurningarnar í vinnustaðargreiningu Gallup eru 12 og byggja á niðurstöðum margra ára rannsóknastarfs The Gallup Organization. Markmið rannsóknarinnar var að skilgreina hvað góðir vinnustaðir eiga sameiginlegt (fjórir afgerandi þættir, þ.e. hvernig tekst þeim að halda starfsmönnum sínum, ánægja viðskiptavina, framléiðni og hagnaður). Í rannsókninni voru 12 þættir skilgreindir sem samrýmanlegir töldust þeim fjórum sem nefndir eru hér að ofan og sem Gallup notar til þess að mæla heilbrigði vinnustaðar. Í tengdu rannsóknaverkefni, þar sem Gallup athugaði yfir 80,000 stjórnendur, var reynt að komast að því hvað það er sem stjórnendur gera til þess að skapa góða vinnustaði.

Nr. 1: „Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi mínu“

Að vita hvers er vænst af okkur á vinnustaðnum er leið okkar að betri árangri. Ef væntingarnar eru ekki skýrar verðum við hikandi, óákveðin og okkur skortir sjálfsöryggi.

Mikilvægi þess að hafa skýrar væntingar er stjórnendum ekki ný frétt. Þegar við reynum að setja niður og skilgreina vel væntingarnar lendum við oft í því, hins vegar, að skipuleggja störfin í of miklum smáatriðum. Við leggjum alla áherslu á að lýsa þeim skrefum sem taka á. Svona „fjarstýring“ á einstaklingnum stuðlar ekki að góðri sjálfsmynd eða sjálfsöryggi og kemur niður á árangri. Þegar vinnuferli eru skilgreind í þau er hættu á að stjórnendur stýri starfsmönnum of mikið í stað þess að leiðbeina þeim í átt til betri árangurs.

Hvernig setur stjórnandi fram væntingar sínar? Þeir stjórnendur sem hafa náð bestum árangri skv. rannsóknum Gallup byrja á því að skilgreina árangursmarkmið og síðan láta þeir hvern einstakling um að finna eigin leið að þeim. Þetta gerir starfsmanninum kleift að vaxa með því að hann uppgötvi sjálfur auðveldustu leiðina sem hentar honum og auðveldar um leið starf stjórnandans. Jafnframt hvetur þessi nálgun starfsmennina til þess að axla ábyrgð. Góðir stjórnendur vilja að hver starfsmaður finni hjá sér ákveðna þörf til þess að ná árangri. Skilgreining á árangri skapar þessa þörf og leiðir til aukinnar ánægju og löngunar til þess að ná árangrinum.

Nr. 2: „Ég hef þau tæki og gögn sem nauðsynleg eru til að sinna starfi mínu vel“

Við höfum mörg verið í þeirri aðstöðu að væntingar eru gerðar til okkar, en vera ekki með tæki og gögn til þess að uppfylla þær. Það er mjög erfitt að vera í svona aðstöðu. Mikilvægt er að starfsmenn hafi nauðsynleg tæki og gögn til þess að framkvæma vinnu sína.

Áskorunin, sem við stöndum andspænis við að tryggja nauðsynleg verkfæri á vinnustaðnum, er hvernig við tengjum einstaklinga með viðtæka þekkingu og kunnáttu, annars vegar, og rétt verkfæri til þess að hámarka getu þeirra, hins vegar. Ef það er ekki gert af ítrustu nákvæmni getur það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir viðkomandi einstakling, fyrirtækið eða báða. Mörg fyrirtæki, svo dæmi sé nefnt, fóru á fullum hraða inn í tölvuöldina. Sölumenn fengu ferðatölvur til afnota en ætlunin var að tölvan myndi hjálpa þeim að skipuleggja tíma sinn betur, gera þeim kleift að öðlast betri yfirsýn yfir viðskiptavinina, bæta samskiptin við aðalskrifstofuna o.s.frv. Í ljós kom að margir sölumenn notuðu ekki tölvuna. Stjórnendurnir höfðu tilhneigingu til þess að telja þennan skort á notkun tölvunnar vera þjálfunaratriði. Þeir sendu því sölumennina á tölvunámskeið til þess að auka sjálfstraust þeirra í að nota tölvu en þegar upp var staðið notuðu þeir tölvurnar til þess að leggja kapal. Með öðrum orðum, við látum fólki í té tæki og gögn sem það þarf ekki á að halda til þess að sinna starfi sínu vel.

Bestu stjórnendurnir yfirfæra ákvörðunartökuna á herðar starfsmannsins. Við ákvörðunartökuna þarf hann að hafa í huga hvernig nýja tækið eða búnaðurinn komi til með að gagnast honum, fyrirtækinu og viðskiptavininum þess. Kostir aðferðarinnar eru m.a. þeir að hún vikkar sjónarhorn starfsmannsins og styrkir samskiptin milli starfsmanna og stjórnenda.

Nr. 3: „Ég hef tækifæri til þess í vinnunni að gera það sem ég kann best á hverjum degi“

Aðeins er unnt að ná fram því besta í fólki þegar það er í aðstöðu til þess að nýta hæfileika sína og styrkleika. Að setja réttan einstakling í starf, sem hæfir honum best, er sennilega mikilvægasta áskorunin sem fyrirtæki og stjórnendur standa frammi fyrir um þessar mundir.

Gallup komst að raun um í rannsóknnum sínum að besti mælikvarðinn á það hve mikið starfsmönnum finnst að hæfileikar þeirra séu nýttir í vinnunni er hvort þeir séu sammála fullyrðingunni hér að ofan. Að geta sagt „...það sem ég er bestur í á hverjum degi“ tengist samþættingu hæfileika einstaklingsins, getu og þekkingar. Hæfileika er ekki unnt að gagnsetja eða stoppa að vild. Góðir stjórnendur gera sér grein fyrir því að þótt hæfileikar séu sá þáttur sem greinir framúrskarandi árangur frá öðrum, er ekki unnt að breyta eða skapa hæfileika. Mögulegt er, hins vegar, að breyta og hafa áhrif á getu og þekkingu.

Bestu stjórnendurnir gera sér grein fyrir þeim sérstöku hæfileikum sem hvert starf kallar á. Hefðbundin vitneskja segir okkur að sum hlutverkin séu það auðveld að þau krefjist ekki sérstakra hæfileika. Góðir stjórnendur hafna þessu. Bestu starfsmennirnir í móttöku á hóteli eru þeir sem hafa hæfileika til þess að „sannfæra fólk“. Þeir ávinna sér traust fólks í upphafi samtals. Gott símsvörunar- og sölufólk hefur þann hæfileika að búa yfir „þriðja eyranu“ eða hæfni til þess að tengjast „sýnilega“ og tilfinningalega fólki sem það er að tala við í símann. Framúrskarandi bókarar sjá mynstur í tölum og „heyra“ skilaboð eða sögu frá þeim.

Krefjast á framúrskarandi árangurs í hverju starfi. Oft göngum við út frá því viðhorfi að vegna þess að við viljum sjálf ekki gegna ákveðnu starfi þá sé það starf sem enginn vill gegna. Þetta er rangt viðhorf. Hlutverk bestu stjórnendanna er að skilgreina skýrt þá hæfileika sem ákveðin störf krefjast og síðan að velja réttu manneskjuna í það hlutverk. Hlutverk stjórnandans er ekki að láta fólki „vaxa“ hæfileika sem það býr ekki yfir, heldur að skilgreina og nýta fyrirliggjandi hæfileika til hins ýtrasta.

Nr. 4: „Ég hef fengið hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf á síðustu vikum“

Hrós og viðurkenning eru mikilvægir þættir í uppbyggingu góðs vinnustaðar. Öll höfum við þörf fyrir viðurkenningu sem einstaklingar og að finna fullnægju þess að ná árangri. Viðurkenning og hrós er í sjálfu sér einfalt mál en engu að síður er hér um að ræða atriði sem er ábótavant á mörgum vinnustöðum að mati starfsmanna. Íslensk fyrirtæki og stofnanir eru þar engin undantekning.

Í gegnum tíðina hefur hrós og viðurkenning á vinnustaðnum fallið undir viðhorfið „Ef þú heyrir ekkert, gerðu ráð fyrir að þú standir þig vel í starfi“. Nútíma starfsmaðurinn, sem býr yfir þekkingu, gerir hins vegar ráð fyrir og treystir á að fá hrós og viðurkenningu sem mælikvarða frá fyrirtækinu á árangur hans í starfi.

Auðvitað getur viðurkenning verið annaðhvort jákvæð eða neikvæð. Gallup hefur komist að því, hins vegar, að jákvæð og neikvæð viðurkenning eru ekki andstæður. Öðru nær, andstæða sérhverrar viðurkenningar er þegar manni er ekki gefinn nokkur gaumur. Það versta sem við getum gert starfsmanni er að hundsá hann! Vinnustaðir þar sem gamla viðhorfið „Ef þú heyrir ekkert...“ er enn í gildi brjóta niður þann mannlega kraft sem leiðir til gæðavinnu og góðrar þjónustu.

Þótt viðurkenning geti verið annaðhvort jákvæð eða neikvæð, einkenna eftirfarandi atriði áhrifaríka viðurkenningu: Viðurkenningin er jákvæð í eðli sínu, hún er veitt um leið og góð frammistaða á sér stað, hún vísar nákvæmlega í það sem við er átt og tengist starfinu beint. Í mörgum fyrirtækjum er að finna áætlanir um viðurkenningu sem virðast þó hafa takmörkuð áhrif. Ástæða þessa er sennilega sú að áætlanirnar veita ekki starfsmönnum skýra hugmynd um fyrir hvað viðurkenningin er veitt, t.d. hagnað, vöxt o.s.frv. Síðan gerist það stundum að hrós er gefið þegar það á ekki við, t.d. þegar veðurfræðingnum er hrósað fyrir gott veður.

Algengt er að á jákvæða viðurkenningu sé litið þannig að hún komi einungis frá stjórnendum en Gallup hefur komist að raun um að starfsmenn fagna hrósi og viðurkenningu frá jafningjum sínum. Samstarfsmennirnir þekkja vel til viðkomandi starfs og taka eftir góðri frammistöðu.

Nr. 5: „Yfirmaður minn, eða vinnufélagi, ber umhyggju fyrir mér sem einstaklingi“

Rannsóknir Gallup gefa til kynna að starfsmenn fara ekki frá fyrirtækjum, þeir fara frá stjórnendum. Áhrifin sem stjórnandi hefur á vinnustað geta annaðhvort verið mikils virði eða fyrirtækinu og starfsmönnum þess dýrkeypt. Tryggja þarf að hver starfsmaður hafi mjög góð tengsl við einhvern sem getur leiðbeint honum.

Öll þekkjum við, sem höfum verið starfsmenn, þá óþægilegu upplifun sem slæmur stjórnandi er. Mörg okkar þekkja jafnframt kostina við að hafa góðan stjórnanda. Þegar Gallup mat mismuninn á slæmum og góðum stjórnendum vakti það nokkra undrun hve skýr þessi mismunur er í hugum starfsmanna. Þegar Gallup spurði starfsmennina hvort þeir vildu að þeim væri stjórnað, sögðu allir nei. Hvers vegna skyldi það vera? Ástæðan er sú að við hugsum sjálfkrafa um slæmu reynsluna. Hvað ef viðkomandi starfsmaður átti kost á stjórnanda sem svipaði til besta stjórnandans sem hann hefur haft? Vildi hann þá að sér væri stjórnað? Já. Spurningin er því þessi: Hvað er góður stjórnandi?

Gallup hefur komist að raun um að góðir stjórnendur búa yfir ákveðnum hæfileikum. Meðal slíkra hæfileika er einlæg ánægja við að verða vitni að því þegar starfsmenn þróast í starfi og þeim tekst vel upp, jafnvel ef velgengni starfsmannsins er meiri en stjórnandans. Góðir stjórnendur hafa einnig tilfinningu fyrir því hvernig þeir eiga að setja rétta manneskju í rétt hlutverk til þess að stuðla að bestum mögulegum árangri. Þeir setja markmið með því að skilgreina æskilegan árangur, brjóta störfin ekki upp í nákvæm framkvæmdaþrep, heldur aðstoða þeir starfsmanninn við að þróast í starfi sínu. Jafnframt freista þeir þess ætíð að fá fram í starfsmanninum það sem Guð gaf honum í stað þess að reyna að bæta það upp sem Guð gleymdi að gera!

Góðir stjórnendur eru einlægir í umhyggju sinni fyrir fólkinu sem þeir vinna með og koma fram við það sem einstaklinga frekar en að koma eins fram við alla. Stjórnendurnir eru síá sem miklar breytingar í fyrirtækinu og frumkvæði fara í gegnum og stuðla að skilningi og sátt starfsmanna gagnvart þeim. Hægt er að færa rök fyrir því að fólk sé ekki mótfallið breytingum, aðeins að það hafi ekki nægar upplýsingar til þess að túlka hvaða áhrif slíkar breytingar munu hafa á það sjálft og starfið.

Gallup hefur komist að raun um á margra ára rannsóknarferli að trúverðugleiki stjórnenda er afgerandi þáttur í viðhorfum starfsmanna til fyrirtækisins. Gallup leitaði því til æðstu stjórnenda fyrirtækja og annarra stjórnenda til þess að hvetja þá til aukinnar vísýni og skýrari samskipta. Í ljós kom athyglisverð niðurstaða: Viðhorf starfsmanna byggjast að miklu leyti á gæðum samskipta starfsmannanna við stjórnendurna. Æðstu yfirmenn fyrirtækja ættu því að hætta að líta á fjölmenna fundi með starfsmönnum sem nauðsyn og leggja í stað áherslu á að tryggja það að allir starfsmennirnir eigi vinsamleg tengsl við stjórnendur eða fulltrúa þeirra.

Nr. 6: „Yfirmaður minn, eða vinnufélagi, hvetur mig til að þróast í starfi“

Hver starfsmaður ætti að vera sér meðvitaður um það hvernig hann lærir og þróast í starfi. Meðfædd löngun til þess að læra og þróast er einstaklingnum eðlilegur þáttur. Störf okkar stuðla að því að við stöndum andspænis nýjum aðstæðum og þau hvetja okkur til að leita leiða til að takast á við daglegar áskoranir. En, hvers vegna höfum við þá tilhneigingu til þess að staðna?

Í hefðbundnum stjórnunarfræðum hefur ætíð verið lögð áhersla á þörf starfsmannsins til þess að þróast í starfi sínu. Hefðbundin nálgun var þannig að starfsmönnum var hjálpað til þess að skilgreina veikleika sína og síðan að gera áætlun um úrbætur. Því hefur verið haldið fram með rökum að með því að beina athyglinni að veikleika sínum yrðu starfsmennirnir hæfari í starfi. Þótt þessi nálgun kunni að virðast skynsamleg var einn, alvarlegur og óvæntur hængur á: Þessi nálgun undirstrikaði hver starfsmaðurinn er ekki, í stað þess að undirstrika hver hann sé. Niðurstaðan varð því það almenna viðhorf að tengslin milli stjórnenda og starfsmanna þurfi sífellt einhverra breytinga við.

Að sjálfsögðu getur breyting verið af hinu góða og virk leið til úrbóta, þ.e.a.s. þegar um er að ræða það að læra eitthvað nýtt í starfi, en skv. hefðbundinni nálgun hafa stjórnendur oft reynt að breyta eiginleikum sem eru hluti af persónuleika starfsmannsins. Góðir stjórnendur hafa skýra línu milli þess sem unnt er að þjálfar starfsmanninn í að gera betur og þess sem er þegar fastmótað í huga hans.

Á sl. 40 árum hefur hugtakið „starfsþróun“ einnig þýtt „stöðuhækkun“. Núna vísar það til þess í hvaða mæli starfsmenn vaxa í núverandi störfum sínum. Flestir starfsmenn vilja stöðuhækkun, en ekki ef það þýðir að þeir verða að sinna störfum sem henta ekki hæfileikum og kunnáttu þeirra. Við þekkjum öll eftirfarandi dæmi: Starfsmaður, sem gengið hefur vel í tilgreindu starfi, fær stöðuhækkun og er gerður að stjórnanda. Þótt þetta geti gengið er nýja starfið oft þannig að það krefst öðruvísi hæfileika - hæfileika sem viðkomandi einstaklingur býr kannski ekki yfir. Þegar upp er staðið hafði stöðuhækkunin því áhrif á gæði lífs bæði einstaklingsins sem fékk stöðuhækkunina og þess fólks sem undir stjórn hans starfar.

Á vinnustað nútímans er hugtakið um „ævilangt starf“ úr sér gengið. Nýja áherslan er á „ævilanga getu til starfs“. Stjórnendur, sem vilja hvetja starfsmenn sína til „ævilangrar getu til starfs“ verða að hvetja þá til að þjálfar með sér skilning á sjálfum sér og skýra hugmynd um í hvaða hlutverki þeir eru bestir. Til þess að ná þessu markmiði leggja slíkir stjórnendur áherslu á beinar samræður við starfsmennina. Í samræðum þessum leitast þeir við að skilja styrkleika starfsmannanna, hæfileika þeirra og kunnáttu, hvers vegna þeir hófu störf hjá vinnuveitanda sínum, hvers vegna þeir halda áfram að vinna þar, hvers konar samskipti þeir þurfa að hafa til þess að ná bestum árangri, hvers konar viðurkenningu þeir vilja fá fyrir störf sín og óskir og leiðir sem starfsmenn hafa og vilja fara.

Bestu stjórnendurnir telja að þróun starfsmanna sé ekki flókið mál í sjálfu sér. Þróun felur í sér að hvetja starfsmennina til þess að horfa í spegil og þekkja sjálfa sig. Eftir því sem starfsmennirnir skilja sjálfa sig betur, leitast þessir sömu stjórnendur við að skapa þeim ábyrgð sem hentar hæfileikum þeirra vel. Eftir því sem starfsmennirnir ná lengra í að þekkja sjálfa sig, halda góðir stjórnendur áfram að leita að möguleikum til þess að nýta hæfileika starfsmannanna sem best.

Nr. 7: „Álit mitt skiptir máli í vinnunni“

Allir starfsmenn vilja finna að þeir hafi áhrif á vinnustað sínum. Aðferðirnar, sem vinnustaðirnir nota til þess að hlusta og vinna úr hugmyndum starfsmanna, ráða miklu um hvort starfsmönnum finnst þeir metnir að verðleikum.

Fullyrðingin hér að ofan er mælikvarði á það gildi sem starfsmönnum finnst þeir hafa í vinnunni og gagnvart fyrirtækinu sem þeir vinna hjá. Viðskiptavinir fyrirtækisins skynja hvort starfsmönnum finnst viðhorf þeirra skipta máli á vinnustaðnum. Við höfum öll rekist á starfsmann sem taldi sig skipta litlu máli og munum hvaða áhrif það hafði á okkur sem viðskiptavini.

Ef hugmyndir, eðlisávisun og þekking á starfsmönnum fyrirtækis eru samkeppnis-yfirburðir viðkomandi fyrirtækis eru viðbrögð starfsmanna við fullyrðingunni mjög mikilvæg. Ekkert er eins niðurdrepandi fyrir starfsmenn og það að vera útilokaðir frá mikilvægum ákvörðunum, ákvörðunum sem hafa áhrif á störf þeirra. Góðir stjórnendur leita reglulega samráðs við starfsmenn sína til þess að ganga úr skugga um að þeir hafi áhrif á mikilvæga ákvarðanatöku. Þetta þýðir ekki að starfsmennirnir taki lokaákvæðanir í málum sem hafa áhrif á störf þeirra. Þetta þýðir að þegar munur er á óskum starfsmannanna og stjórnendanna, reyna bestu stjórnendurnir að útskýra grundvöll ákvarðana sinna. Þessir stjórnendur nota ákvarðanaferlið til þess að gera starfsmönnum kleift að skilja ákvörðun í heild sinni og hvers vegna tilgreind ákvörðun var tekin á þann hátt sem raun bar vitni. Bein og skýr útskýring getur styrkt trúverðugleika og samskipti til muna. Góðir stjórnendur spyrja aldrei starfsmenn sína um skoðun þeirra og ákveða síðan þvert á skoðunina án þess að skýra vel ástæðurnar sem að baki liggja.

Góðar hugmyndir eru oft hornsteinar aukinna afkasta og nýrrar vöruþróunar. Góðir vinnustaðir þar sem skoðanir starfsmanna skipta máli eru vinnustaðir þar sem starfsmenn eru hvattir til hugmyndaflæðis, og þar sem hlustað er á hugmyndir, unnið úr þeim og þær útfærðar. Ekki er unnt að framkvæma allar hugmyndir en útfærsla þeirra er engu að síður ákaflega uppbyggileg. Slíkt byggir upp traust starfsmanna á fyrirtækinu og styrkir þá í að gera fyrirtækið betra.

Nr. 8: „Mér finnst starfsemi og hlutverk fyrirtækisins gefa til kynna að starf mitt sé mikilvægt“

Framúrskarandi árangur á sér einungis stað þegar fólki finnst það hafa mikinn tilgang í lífi sínu. Mannskjan vill tilheyra einhverju sem skiptir máli og hefur tilgang. Hún vill vita að hún skiptir máli og leggi sitt af mörkum í mikilvægu málefni. Sérstakt hlutverk starfsmannsins eða vinnuframlag hans er liður í tilvist fyrirtækisins. Besti vinnustaðurinn veitir starfsmönnum sínum tilfinningu tilgangs, stuðlar að því að þeim finnist þeir tilheyra einhverju og gerir þeim kleift að hafa áhrif.

Starfsmenn innan allra sviða eða starfa fyrirtækis vilja finna að þeir tilheyri því. Auðvitað er árangur einstaklingsins mikilvægur en þegar starfsmönnum fyrirtækis finnst þeir vera hluti af stærri heild er líklegri en ella að þeir staldri við hjá viðkomandi fyrirtæki. Öll viljum við finna að fyrirtækin séu með okkur, séu fulltrúar okkar, deili gildum okkar og hafi sömu markmið og við. Það er miklu meira spennandi að vinna að sama markmiði en að ljúka bara „einhverju verkefni“.

Allir einstaklingar hafa mismunandi tilfinningu fyrir tilgangi fyrirtækisins. Háttstemmdar yfirlýsingar um markmið er ekki endilega lausnin til þess að hjálpa starfsmönnum í að finna tilganginn með vinnu þeirra. Í sjálfu sér er ekkert að yfirlýsingum um markmið en þær eru þó oft bæði óljósar og of almennar til þess að allir starfsmenn geti tengt sig þeim. Hugsuðu um þetta. Allir starfsmenn spyrja sjálfa sig, meðvitað eða ómeðvitað: „Hver er tilgangur fyrirtækisins? Sér fyrirtækið heiminn á sama hátt og ég?“ Allir vilja starfsmennirnir vita hvort tilgangur þeirra sé sá sami og fyrirtækisins, og þar sem hver um sig lítur heiminn nokkuð mismunandi augum, fær hver og einn mismunandi svar.

Góðir stjórnendur halda áfram að vinna að því að hjálpa starfsmönnum að skilja hvernig tilgangur/ hlutverk fyrirtækisins tengist beint þeirri vinnu sem starfsmennirnir sinna. Þetta gerir starfsmönnum kleift að finna tengsl milli gilda fyrirtækisins og þeirra eigin gilda. Hver starfsmaður hefur mismunandi gildi. Sumir leggja mikið upp úr samkeppni, aðrir þjónustu og enn aðrir leggja mest upp úr tæknilegri hæfni. Góðir stjórnendur túlka tilgang fyrirtækisins á tungumál sem hver starfsmaður skilur.

Á framúrskarandi vinnustöðum er hugtakið „stefna“ aldrei ruglað saman við hugtakið „tilgangur“. Tilgangur er viðvarandi. Hann táknar hjartslátt fyrirtækisins og veitir því kraft og leiðsögn. Hann breytist ekki. Stefna veitir svör við spurningunni „Hvernig komumst við þangað sem við ætlum?“ Stefnan breytist. Fyrirtæki semja sífellt nýjar stefnur þegar þau reyna að finna bestu leiðina til þess að ná markmiðum sínum. Ef fyrirtækið þitt breytir stefnu sinni reglulega þarf það ekki að þýða að fyrirtækið skorti tilgang. Góð fyrirtæki leggja áherslu á hvernig ný stefna styður við tilgang fyrirtækisins í víðri merkingu. Góðir stjórnendur gæta þess ætíð að munurinn á þessum tveimur hugtökum sé starfsmönnum ljós.

Nr. 9: „Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu verki“

Mjög duglegir starfsmenn segja að það sé áberandi munur á því að vera skipaður í hóp og að finna sig í þeim hópi. Við þekkjum öll hvernig það er að vera settur í hóp. Yfirmaður okkar setur okkur í hann og nafnið okkar er sett á hóplistan. En, sú staðreynd að nöfnin okkar eru komin á listann þýðir ekki endilega að við höfum náð því að falla inn í hópinn, sérstaklega ef við erum hrædd um að hinir einstaklingarnir í hópnum hafi ekki sama metnað og við í að skila vel unnu verki. Með því að hjálpa öllum í hópnum að bera kennsl á þau einkenni hópsins sem leiða til gæða í starfi má skapa innsæi til aukinnar virkni og framleiðni.

Að geta treyst því að vinnufélagar manns hafi sama metnað til að skila vel unnu verki er lykillinn að góðri frammistöðu hóps. Þegar starfsmenn eru spurðir: „Leggur þú metnað þinn í að skila vel unnu verki?“ svara allir játandi. Þetta endurspeglar mannlega og eðlilega tilhneigingu starfsmannsins að sinna vel því starfi sem hann er í. Þar sem allir starfsmennirnir veita sama svar við spurningunni, greinir hún ekki á milli starfshópa með mestu framleiðnina og þeirra sem hafa minni framleiðni. Þess í stað gefa viðbrögð starfsmanna við fullyrðingunni, „Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu verki“ mun skýrari mynd af þeim. Starfsmenn vilja að samstarfsmenn þeirra deili metnaði þeirra um gæði og vilja vera hluti af fyrirtæki sem veitir þeim áskorun og gerir þeim kleift að standa sig framúrskarandi vel.

Oft skapar skilgreiningin um gæði andann í vinnustaðarmeningunni. Ef gæði eru skilgreind sem vinna án galla eða mistaka erum við að senda kröftug skilaboð til starfsmanna um að fela mistök sín og vandamál fljótt og án þess að eftir þeim sé tekið. Á bestu vinnustöðunum gera stjórnendurnir sér grein fyrir því að manneskjan gerir mistök og að hún geti lært af því að leiðrétta þau. Á slíkum vinnustöðum eru gæði skilgreind sem ferli er starfsmenn nota til þess að þekkja vandamál og að vinna að lausn þeirra. Á heilbrigðum vinnustöðum skilja starfsmennirnir að tryggð viðskiptavinarins gagnvart fyrirtækinu getur í raun aukist ef starfsmennirnir eru jákvæðir í nálgun sinni við úrlausn gæðavanda. Bestu stjórnendurnir og starfshóparnir leita ekki að blóraböggli, heldur líta þeir á gæðamál sem áskorun til þess að bæta framleiðslu sína eða þjónustu og auka þar með tryggð viðskiptavina.

Vandamál getur einnig stuðlað að betri samstarfsanda í hópi á vinnustað. Starfsmenn, sem leggja metnað í að skila vel unnu verki, líta á vandamál sem áskorun til þess að bæta samloðun hópsins. Þeir nýta starfskrafta hópsins, ekki einungis til þess að leysa vandamál heldur einnig til þess að leiðrétta ferlið svo forðast megi slíkan vanda í framtíðinni og auka síðan framleiðni og gæði. Athyglisvert er að stundum verður mesta framleiðnin í starfshópi þegar slík tímabil vandamála eiga sér stað. Framúrskarandi starf og andi hópvinnu sem leysist úr læðingi við það að unnið sé vel að verkefnum er það sem einkennir góðan vinnustað.

Nr. 10: „Ég á góða(n) vinkonu/vin í vinnunni“

Manneskjan er félagsvera og vinnan er félagslegur staður. Oft er um að ræða stað þar sem stofnað er til langvarandi vináttubanda. Þróun góðra samskipta á meðal starfsfólks er mjög eðlilegt ferli og mikilvægur þáttur í heilbrigði vinnustaðar. Á bestu vinnustöðunum gera vinnuveitendur sér grein fyrir því að starfsmennirnir vilja stofna til góðra samskipta við samstarfsmenn sína og að unnt sé að auka tryggð við fyrirtækið með slíkum samskiptum.

Þegar fullyrðingin „ég á góða(n) vinkonu/vin í vinnunni“ er lögð fyrir starfsmenn hika fæstir við orðið „vinur“ vegna þess að þeir eiga sér marga vini í vinnunni. Þeir lenda mögulega í nokkrum vanda með orðið „góða(n)“ í þessu samhengi þar sem hugtakið gefur einhvern sérstakan til kynna og vegna þess að þeir eiga í erfiðleikum með að skilgreina eina/einn „góða(n) vinkonu/vin“ meðal vinanna á vinnustaðnum.

Gallup komst að vægi þessa atriðis þegar skilgreina átti hæfileikaríka starfshópa - að sterkasta samsvörnin við þessa fullyrðingu reyndist vera í virkustu hópunum. Þar sem sumir starfsmennirnir áttu í erfiðleikum með fullyrðinguna, sneri Gallup sér aftur að hópunum og mýkti orðið „góða(n)“ og notaði í þess stað orðið „náin(n)“, eða tók orðið „góða(n)“ alfarið út. Þegar þetta var gert kom í ljós að fullyrðingin var ekki lengur nothæf til þess að greina á milli mjög virkra og meðalvirkra starfshópa. Þetta gaf til kynna að notkun orðsins „góða(n)“ í fullyrðingunni undirstrikaði í raun afmarkandi einkenni á góðum starfshópum.

Gallup hefur einnig komist að raun um að starfsmennirnir sem sögðu að þeir ættu sér góða(n) vinkonu/vin í vinnunni væru:

- 43% líklegri til að segja að þeir hafi hlotið hrós eða viðurkenningu fyrir starf sitt á síðustu vikum
- 37% líklegri til að segja að einhver aðili í vinnunni hvetji þá í að þróast í starfi
- 35% líklegri til að segja að vinnufélagarnir leggi sig alla fram við að skila vel unnu verki
- 28% líklegri til að segja að á sl. sex mánuðum hafi einhver í vinnunni talað við þá um frammistöðu þeirra
- 27% líklegri til að segja að markmið fyrirtækisins geri það að verkum að þeim finnist starf sitt mikilvægt
- 27% líklegri til að segja að skoðanir þeirra skipti máli í vinnunni
- 21% líklegri til að segja að þeir hafi tækifæri til þess að gera það sem þeir eru bestir í á hverjum degi

Þótt fyrirtækin taki oft eftir tryggð starfsmannanna gagnvart fyrirtækinu, gera bestu vinnuveitendurnir sér grein fyrir því að tryggð sé einnig að finna á milli starfsmanna innbyrðis. Allir starfsmenn upplifa „skilnaðarviðbrögð“ þegar þeir velta því fyrir sér hvort þeir eigi að hætta störfum hjá fyrirtækinu. Bestu stjórnendurnir taka eftir því að gæði og umfang samskipta starfsmanna innbyrðis í vinnunni eru afgerandi þættir við ákvörðun um hvort þeir eigi að halda áfram hjá fyrirtækinu eða ekki.

Fullyrðingin nær einnig til þess trausts sem ríkir milli samstarfsmanna. Þegar mikil tryggð á sér stað í hópi starfsmanna, trúá starfsmenn því að samstarfsmenn þeirra muni koma þeim til hjálpar á álagstímum og þegar þeir standa andspænis áskorun. Á þessum tímum örra breytinga, endurskipulagningar, samruna og yfirtöku eru góðir vinir á vinnustað lykillinn að virkri aðlögun að breytingum og samþættingu. Þótt starfsmenn sem eiga sér góða vini á vinnustaðnum segi að álagið í vinnunni sé ekkert minna en álag þeirra sem ekki eiga sér góða vini þar, er greinilegt að hinir fyrrnefndu eiga auðveldara með að takast á við eðlilegt álag.

Nr. 11: „Á sl. sex mánuðum hefur yfirmaður eða vinnufélagi rætt við mig um frammistöðu mína í starfi“

Notkun starfsmannasamtala hefur aukist mikið á sl. árum. Algengt er að þau séu framkvæmd einu sinni á ári eða annaðhvert ár. Fyrstu tvær mínútur samtalsins snúast oft um það hvað það er í fari okkar og starfi sem stjórnandanum líkar og síðan fara næstu 58 mínúturnar í það að tala um þá „möguleika“ sem við höfum (þau atriði sem við erum ekki nógu góð í eða ættum að bæta okkur í). Yfirleitt göngum við út af svona fundum svolítið beygð í fasi. Við vitum semsagt betur hvað við gerum ekki nógu vel en lítið um hvað við gerum vel.

Bestu stjórnendurnir gera sér grein fyrir því að þessi tími umræðna um frammistöðu og þróun starfsmanna sé í raun tækifæri til þess að stuðla að skilningi þeirra á sjálfum sér og að veita þeim skýra sýn á það hvernig framlag þeirra skiptir sannarlega sköpum í fyrirtækinu.

Þversögn þess að ráða og halda í hæfileikaríka starfsmenn er að þá skortir stundum innsæi og skilning á því hvernig hæfileikar þeirra birtast í ákveðinni hegðun. Þeir þurfa að fá endurgjöf um það hvernig þeir geta nýtt þessa hæfileika til þess að verða afkastameiri en þannig endurgjöf geta stjórnendur veitt. Slíkir stjórnendur skilja að vegna þess að hæfileikar eru meðfæddir og eðlilegir sé soun að nýta þá ekki. Í stað þess að freista þess að breyta einstökum starfsmönnum með því að beina athyglinni að veikleikum þeirra, finna góðir stjórnendur hjá sér hvöt til þess að aðstoða þessa einstaklinga í því að öðlast skilning á sjálfum sér og þekkingu á hæfileikunum sem þeir búa yfir og hvernig hægt er að beita þeim í daglegu starfi.

Efnilegur einstaklingur verður ekki „hæfileikaríkur“ fyrr en vinnuveitandinn hefur starf þar sem hæfileiki viðkomandi nýtist. Góðir stjórnendur halda sífellt „spegli“ á lofti fyrir starfsmenn sína og hvetja þá til að „lita í spegil“ til þess að þekkja sjálfa sig og þau hlutverk sem þeir eru líklegir til að ná árangri í. Bestu stjórnendurnir geta svarað nokkrum grundvallarspurningum um hvern einasta starfsmann sinn. Þetta eru spurningar eins og „Hvað er það sem starfsmenn njóta mest í sambandi við núverandi og fyrrverandi starfsreynslu? Hvað varð til þess að þeir komu til starfa hjá fyrirtækinu og hvers vegna eru þeir þar enn? Hver er styrkleiki starfsmanna, hæfileikar, þekking og kunnátta þeirra? Hver eru markmið þeirra í núverandi störfum? Hve oft myndu þeir vilja hittast til að ræða árangur sinn í starfi? Eru þeir þannig einstaklingar að þeir myndu segja mér hvernig þeim líður eða yrði ég að spyrja þá? Hver eru persónuleg markmið þeirra og metnaður? Hvað er besta hrósið og viðurkenningin sem þeir hafa nokkru sinni fengið? Hver eru lærdómsríkustu samskiptin sem þeir hafa átt við kennara eða stjórnanda og hvað gerði þessi samskipti svo sérstök?“

Hæfileiki vaknar aðeins í samskiptum við aðra manneskju. Endurgjöfin verður því að vera sérstök fyrir viðkomandi einstakling og hana verður að veita á grundvelli jákvæðra samskipta milli starfsmanns og stjórnanda. Síðustu orðin í fullyrðingunni „frammistöðu mína“ eru mikilvægur hluti hennar. Starfsmaður verður að geta gengið frá samtali um þróun sína í starfi með skýra hugmynd um það hver hann er í stað þess að vita hver hann er ekki.

Nr. 12: „Ég hafði tækifæri til þess að læra og þróast í starfi á sl. 12 mánuðum“

Í starfsumhverfi nútímans næst framleiðni ekki með aukinni vinnu. Hún kemur með „skynsamlegri“ vinnu. Þetta er ástæða þess að starfsumhverfi sem stuðlar að og hvetur til frekari menntunar er aðlaðandi fyrir starfsmenn.

Nauðsyn þess að læra og þróast í starfi er hverjum einstaklingi eðlislæg þörf. Ein aðferð þess að læra og þróast er að finna fleiri áhrifaríkar leiðir til þess að sinna starfi okkar. Þekking er grundvöllur nýjunga og hún er akur fleiri jákvæðra og nýrra viðhorfa okkar sjálfra um okkur sjálf.

Við höfum öll starfað með fólki sem hefur hætt að læra og þróast. Skyndilega hefur þetta fólk öll svörin og verður ófært um eða vill ekki sjá aðrar lausnir. Viðhorf þessa fólks smitar út frá sér í vinnustaðarmenningunni í heild sinni og einnig til einstakra samstarfsmanna. Þetta takmarkar vöxt og nýjungar sem stuðla að bættri samkeppnisstöðu nútímafyrirtækja.

Hvers vegna hættir fólk að vilja læra og þróast? Vegna þess að lærdómur og þróun fela í sér áhættu, áhættu um að takast á við óbreytt ástand. Breytingar færa okkur eitthvað sem við þekkjum ekki og það gerir okkur órugg.

Góðir stjórnendur gera sér grein fyrir því að þeir standa andspænis áskorun á hverjum degi: Hvernig skapar þú umhverfi sem er opið fyrir nýjum hugmyndum og veitir starfsmönnum tækifæri til þess að kanna víðáttur slíkra hugmynda án ótta við að vera hafnað eða refsað. Góðir stjórnendur vita að í upphafi eru góðar hugmyndir ekki úthugsaðar, framkvæmanlegar aðferðir. Góðar hugmyndir eru oft óáþreifanlegar og þær þarf að ræða svo unnt sé að skilgreina þær og laga til að stuðla að sem bestum árangri. Þetta ferli krefst tíma og orku en tími og orka eru takmarkaðar auðlindir. Fjárfestingin í tíma og orku vegur hins vegar létt á vogarskálunum gagnvart góðum hugmyndum og hvernig best er að nýta þær. Að skapa starfsmenningu sem er opin fyrir nýjum hugmyndum felur í sér mikilvægt traust starfsmanna á stjórnendum og starfshópum.

Framtíð fyrirtækis er háð menntun og þróun einstakra starfsmanna. Góðir stjórnendur og starfsmenn eru aldrei fullkomlega sáttir við núverandi starfsaðferðir. Þeir finna sífellt hjá sér þörf til þess að finna betri og áhrifaríkari leiðir til þess að leysa verkefni.